

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 25. september 2023
UST202309-185/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 fyrir nýtt verslunar - og þjónustusvæði á Höfn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 fyrir nýtt verslunar - og þjónustusvæði á Höfn.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að tillagan snýst um að afmarka nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Hafnarbraut, nálægt norðurjaðri núverandi byggðar fyrir rýmisfrekar verslanir og aðra þjónustu sem getur farið vel saman. Auk þess segir að til samanburðar við þetta svæði verða skilgreindir valkostir um uppbyggingu verslunar- og þjónustuhúsnæðis innan núverandi byggðar og þeir bornir saman m.t.t. tiltekinna matsþátta.

Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið til að huga að þéttingu byggðar, að horfa til þegar raskaðra svæða innan þéttbýlis og standa vörðum um óröskuð svæði og græn svæði.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur